

Priðjudaginn 20. desember 1994.

Nr. 378/1993.

Kristján Stefánsson

(sjálfur)

gegn

Einari Þorgeirssyni

(Jónatan Sveinsson hrl.)

Vinnusamningur. Skriflega flutt mál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. september 1993. Með stefnunni skaut hann jafnframt til réttarins úrskurði héraðsdómara 28. janúar 1993, en með honum var kröfu áfrýjanda um frávísun málsins hafnað. Áfrýjandi krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda, en til þrautavara lækkunar á kröfunum. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Málið er skriflega flutt hér fyrir dómi samkvæmt heimild í 1. mgr. 24. gr. laga nr. 38/1994, sbr. 152. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 6. gr. laga nr. 38/1994.

Fallist er á þá niðurstöðu héraðsdómara, að frávísunarástæður áfrýjanda gefi ekki tilefni til frávísunar málsins. Hinn áfrýjaði úrskurður verður því staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður og hinn áfrýjaði dómur eiga að vera óraskaðir.

Áfrýjandi, Kristján Stefánsson, greiði stefnda, Einari Þorgeirssyni, 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 18. júní 1993.

1.0.

Mál þetta, sem tekið var til dóms miðvikudaginn 26. maí sl., hefur Einar Þorgeirsson skráðgarðyrkjumeistari, kt. 200947-4449, Hvannhólma 16, Kópavogi, höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 17. september 1992, á hendur Kristjáni Stefánssyni, kt. 010345-3169, Frosta-skjóli 81, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 156.785 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 29. ágúst 1991 til greiðsludags. Hann krefst þess, að dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 29. ágúst 1992 og síðan árlega þann dag. Þá krefst stefnandi málskostnaðar [...].

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda, en til vara, að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar. Í báðum tilvikum krefst stefndi, að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað [...].

Stefndi gerði upphaflega kröfu um frávísun málsins, en með úrskurði, upp kveðnum 28. janúar 1993, var þeirri kröfu hafnað og málskostnaður vegna þess þáttar látinn bíða efnisdóms í málinu.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0.

Stefnandi er skráðgarðyrkjumeistari, sem rekur umfangsmikla þjónustu við hönnun og frágang lóða í Reykjavík og nágrenni. Í tengslum við þessa starfsemi rekur stefnandi Gróðrarstöðina Birkihlíð, Birkigrund 1, Kópavogi.

Í júlímánuði 1991 óskaði Magnús Ágústsson garðyrkjumaður, Álfheimum 17, Reykjavík, eftir þjónustu stefnanda við standsetningu og frágang lóðar umhverfis sumarbústað stefnda við Meðalfellsvatn í Kjósarhreppi. Að sögn Magnúsar vildi stefndi flýta verkinu, og hafi það orðið að ráði þeirra beggja, að Magnús fengi stefnanda í verkið með sér með menn og tæki. Stefnandi segist þegar hafa farið í verkið, og hafi það verið unnið dagana 12. til 25. júlí 1991.

Stefnandi segir, að 29. júlí 1991 hafi verið gefinn út reikningur á hendur stefnda fyrir verk þetta og stefnda sent frumrit reikningsins með tilmælum um greiðslu. Stefndi hafi ekki fengist til að greiða reikninginn og borið það fyrir sig, að hann hafi aldrei beðið stefnanda að vinna verkið, heldur hafi það verið Magnús, og sé hann því greiðsluskyldur. Stefndi haldi því auk

þess fram, að hann hafi greitt Magnúsi að fullu fyrir verkið. Magnús segi þessar fullyrðingar rangar og settar fram gegn betri vitund.

3.0.

Stefnandi kveður stefnufjárhæðina grundvallast á reikningi nr. 1152, dags. 29. júlí 1991, að fjárhæð 156.785 kr., sem sé stefnufjárhæð málsins. Krafist sé dráttarvaxta af þeirri fjárhæð frá 29. ágúst 1991, þ. e., þegar liðnir hafi verið 30 dagar frá útgáfu reikningsins, svo sem boðað hafi verið með sérstakri áritun á reikninginn.

Stefnandi segir, að stefnukröfurnar séu studdar við meginreglur samningsréttar og kröfuréttar um skuldbindingargildi loforða, vanefndir og vanefndaúrræði, sbr. lög nr. 39 frá 1922 um lausafjárkaup, einkum 5. gr., 6. gr. og 12. gr., sbr. og 28. gr. þeirra laga.

Kröfur um málskostnað og dráttarvexti af málskostnaði styðji stefnandi við 4. mgr. 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

4.0.

Stefndi segir, að sýknukröfur sínar séu meðal annars reistar á þeirri málsástæðu, að hann hafi ekki stofnað til viðskipta við stefnanda eða falið nokkrum að gera það í sínu umboði. Sýknukrafan sé reist á ákvæðum 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991. Yfirlýsing Magnúsar Ágústssonar sé efnislega ósönn og sett fram gegn betri vitund. Afstaða stefnda komi ljóslega fram í bréfi hans til lögmanns stefnanda, dags. 15. janúar 1992. Stefndi hafi ráðið Magnús Ágústsson verktaka til þess að vinna að jarðvinnu við sumarhús, er fjölskylda hans eigi við Meðalfellsvatn. Verkefnið hafi falið í sér að jafna úr fáeinum bílhlössum af gróðurmold og tyrfa 600–1000 fermetra blett. Verkefni þetta hafi verið aðgengilegt að vinna, þar sem Magnús hafi haft með höndum annað verkefni við Meðalfellsvatn á sama tíma.

Stefnda hafi verið kunnugt um, að Magnús væri ekki lærður garðyrkju- maður, en vanur þessu verkefni. Fyrir verkefnið hafi verið samið um ákveðið verð, 125.000 kr., sem Magnúsi hafi verið greitt að verklokum. Hér hafi verið um lítið verkefni að ræða, sem stefndi hafi ekki viljað kosta miklu fé til. Verkefni þetta hafi verið einfaldast og eðlilegast að vinna með handverkfærum.

Stefndi hafi komið á athafnasvæðið í tvígang á verktíma eftir kl. 16.00, en hitt engan fyrir annan en Magnús og unglingsspilt. Á staðnum um helgina 12.–14. júlí hafi verið „lítil hjólaskófla, Bobcat“, sem stefndi hafi talið vera eign Magnúsar. Aldrei hafi verið rätt um, að Magnús réði að verkinu verktaka eða að verkefnið yrði unnið á tímajaldi. Magnús hafi tekið verkið að sér sem verktaki.

Komist dómur að þeirri niðurstöðu, að réttarsamband hafi stofnast með

málsaðilum og greiðsluskylda hvíli á stefnda, sé krafist verulegrar lækkunar á stefnukröfum. Stefnandi beri þá óskipta skyldu og eigi óskipt réttindi með Magnúsi Ágústssyni, og eigi því greiðsla til Magnúsar Ágústssonar, 125.000 kr., að koma til lækkunar á dómkröfum.

Stefnandi sé skráðgarðyrkjumeistari, og beri honum sem fagmanni við framkvæmd verks að haga framkvæmdum með þeim hætti, að alls hófs sé gætt við tilkostnað og að verk sé unnið á sem hagfelldastan hátt. Hér hafi verið um lítið verkefni að ræða og tækjavinna fráleitt meiri en dagsverk, ef til verksins kæmi vanur maður. Stefnandi geti ekki krafist eftirgjalds af vél allan tímann, þ. e., sem vélin hafi verið á staðnum. Þannig hafi ekki verið unnið af stefnanda dagana 12. og 15. júlí, en eftirgjalds krafist fyrir vélina þá daga.

Efnisnótur, nóta nr. 3962 sé dags. 17. júní 1991 og gefin út á Kristin Stefánsson. Á þeim tíma hafi ekki verið unnið fyrir stefnda og reikningur þessi stefnda því óviðkomandi, og nóta nr. 3988 sé gefin út á Magnús Ágústsson og sýnist vera árituð greidd.

Stefnandi beri faglega ábyrgð á verkinu, en verkefnið sé illa af hendi leyst af fagmanni, kantar ófrágengnir og undirlag undir torf illa sléttað og grasflöt því dældótt.

Stefndi telji, þegar lítið sé til framanritaðs, að reikningur stefnanda sé bersýnilega ósanngjarn, og því hafi ekki stofnast greiðsluskylda umfram það, sem greitt hafi verið.

5.0. Forsendur og niðurstaða.

Stefndi fullyrðir, að hann hafi ráðið Magnús Ágústsson sem verktaka til að vinna jarðvinnu við umrætt sumarhús. Við munnlegar skýrslutökur fyrir dómi fullyrti Magnús, að hann hefði ekki verið ráðinn sem verktaki fyrir verkið í heild sinni, heldur aðeins fengið greiðslur frá stefnda fyrir vinnu sína, akstur og fæðiskostnað.

Þá er viðurkennt af stefnda, að hann hafi komið á staðinn og fylgst með framvindu verksins án þess að gera athugasemdir. Verður með því að telja viðurkennt af hans hálfu, að verk þetta skyldi unnið og fyrir það greitt.

Stefndi hefur ekki lagt fram nein gögn eða sýnt fram á það með öðrum hætti, að hann hafi gert samning við Magnús Ágústsson um verkið í heild eða að þeir þættir, sem stefnandi og menn hans hafi unnið, hafi einnig verið fólgnir í því verki við sumarhúsið, er hann greiddi Magnúsi fyrir. Hefur stefndi ekki lagt fram samning, reikning, kvittun eða neitt þess háttar gagn vegna verks þess, sem hann telur, að Magnús hafi tekið að sér eða innt af hendi. Er allt á huldu um, hvað stefndi greiddi Magnúsi í raun fyrir verk hans, enda kom fram við munnlegar skýrslutökur fyrir dómi, að stefnda og

Magnúsi ber ekki saman um, hversu hárrí fjárhæð greiðslan nam, og ekki liggur fyrir kvittun vegna hennar. Stefndi hefur því ekki sýnt fram á, að samið hafi verið við Magnús um ákveðið endurgjald fyrir verkið í heild. Verður því að telja, að stefnandi hafi mátt treysta því, eins og hér stóð á, að Magnús hefði heimild stefnda til að ráða hann til verksins og að stefndi greiddi stefnanda þóknun fyrir þann hluta verksins, sem hann innti af hendi. Breytir hér engu um, að greindur Magnús var verkstjóri yfir verkinu og bar þannig faglega ábyrgð á því.

Stefndi heldur því enn fremur fram, að reikningar stefnanda séu bersýnilega ósanngjarnir. Hefur hann ekki stutt þá fullyrðingu sína neinum gögnum utan vitnisburði Jakobs Jakobssonar vörubifreiðarstjóra, sem getur ekki talist sérfróður um verk sem þetta. Telur dómurinn því ekki kleift að fallast á þessa málsástæðu stefnda.

Fallast verður á það með stefnanda, að reikningur nr. 3962, dags. 17. júní 1991, að fjárhæð 5.880 kr., fyrir þaramjöl sé ógreiddur af stefnda. Á hinn bóginn er reikningur nr. 3988, dags. 18. júlí 1991, fyrir þörungamjöl og græði, að fjárhæð 5.420 kr., stílaður á Magnús Ágústsson og virðist áritaður um greiðslu. Verður sú krafa stefnanda því ekki tekin til greina.

Samkvæmt framansögðu ber að fallast á kröfur stefnanda að frádregnum 5.420 kr., þ. e. 151.365 kr., ásamt vöxtum, svo sem í dómsorði greinir, enda hefur þeim ekki verið mótmælt sérstaklega.

Eftir atvikum og með tilvísun til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda 60.000 kr. í málskostnað.

Jón L. Arnalds héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Kristján Stefánsson, greiði stefnanda, Einari Þorgeirssyni, 151.365 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 29. ágúst 1991 til greiðsludags svo og 60.000 kr. í málskostnað. Áfallnir vextir leggist við höfuðstól skuldar á 12 mánaða fresti í samræmi við 12. gr. vaxtalaga, í fyrsta sinn 29. ágúst 1992.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 28. janúar 1993.

Mál þetta var tekið til úrskurðar fimmtudaginn 21. janúar sl.

Stefndi segist hafa ráðið Magnús Ágústsson verktaka til þess að vinna að jarðvinnu við sumarhús stefnda við Meðalfellsvatn. Magnús mun hafa fengið stefnanda með sér í verkið með menn og tæki. Deiluefni málsaðila er reikningur stefnanda á hendur stefnda fyrir verk það, er stefnandi segist hafa látið í té.

Kröfur stefnda um frávísun eru reistar, eins og segir í greinargerð hans, á ákvæðum 18. gr. laga nr. 91/1991 um óskipt réttindi og skyldur í máli. Telur stefndi, að stefnandi og Magnús Ágústsson hafi báðir í sameiningu orðið að sækja mál vegna umrædds reiknings á hendur stefnda. Við munnlegan flutning málsins tók stefndi fram, að hann reisti frávísunarkröfu sína ekki á því, að eiginkona sín væri eigandi þeirrar sumarbústaðarlóðar, sem umrædd jarðvinna hefði verið unnin á.

Þær málsástæður stefnda, að krafan sé að fullu greidd, að stefnandi og stefndi hafi ekki stofnað til viðskipta eða stefndi hafi ekki falið neinum að stofna til viðskipta í sínu umboði, snúa að efni máls og verða því ekki til úrlausnar hér.

Ekki verður talið, að umrætt verk sé höfundarréttur í skilningi 7. gr. höfundalaga nr. 73/1992. Verður því talið, að hvor fyrir sig, stefnandi eða Magnús, geti kafið réttan skuldara um greiðslu fyrir þann hluta verksins, sem hvor þeirra um sig hefur látið í té. Er þá ekki tekin afstaða til þess, hverjum beri að greiða fyrir verkið né hvort það sé að fullu greitt.

Samkvæmt þessari niðurstöðu er ekki um samaðild að ræða í skilningi 18. gr. laga nr. 91/1991. Frávísunarástæður stefnda þykja því ekki gefa nægjanlegt tilefni til frávísunar málsins að svo komnu, og verða kröfur stefnda þar um ekki teknar til greina.

Málskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins og bíður efnisdóms í málinu.

Jón L. Arnalds héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er ekki vísað frá dómi.

Málskostnaður dæmist ekki í þessum þætti málsins.
